

## Áfangi: Enska 404 – Vorönn 2011

ENS404

**Undanfari:** ENS304

**Kennarar:** Ingibjörg Ingadóttir í samvinnu við Ívar Örn Reynisson.

### Áfangalýsing:

Í áfanganum verður sjónum beint að ólíkum átakasvæðum í heiminum. Skoðaðar verða bókmenntir og saga þess lands sem er í deiglunni og netefni sem tengjast átökum af trúarlegum, kynþátta- og stjórnmálalegum toga víða um heim. Skoðaðar verða kvikmyndir með tengdu efni. Nemendur velja tvö þverfagleg kjörefni og fjalla um eitt skylduefni. Kennsla fer fram á ensku.

Verkefnaskil mega vera með hvaða hætti sem er, nema ritgerðir og glærusýningar. Það er að segja kvikmyndaverkefni, myndasaga, myndasýning, teiknimyndasaga, podcast, útvarpsþáttur eða “digital portfolio” eða vefur. (Vinnuskýrslur yfir önnina, vinna hefst fljótlega við stórt lokaverkefni um sjálfvalið efni um átök, á ákveðnum svæðum í heiminum, þar sem skoða þarf upphaf og ástæður átaka, bakgrunn, trúarbrögð, tungumál og mismunandi þjóðarbrot í landinu.)

### Markmið:

Að nemendur:

- þekki ástæður og hvað veldur upphafi deilna, t.d. á milli ólíkra trúarhópa og eða stjórnmálaskoðana
- kunni skil á því sem vekur upp deilur af trúarlegum eða pólitískum toga
- fái innsýn í viðteknar siðvenjur hjá ólíkum menningarheimum
- þjálfist í tjá sig um skoðanir á þessum viðkvæmu viðfangsefnum á ensku
- átti sig á hve djúpstæður trúar/ og eða pólitískur ágreiningur getur orðið og erfitt að leysa úr honum
- geti gert sér betur grein fyrir ástandinu í heiminum í dag með þessa vitneskju að leiðarljósi

### Kennslugögn:

- Sjálfsstæðisbarátta Íra við Breta, vefsíður, tímaritsgreinar, tónlist, myndbönd.
- “Angela’s Ashes”; Frank McCourt, bókin lesin og síðan horft á kvikmyndina.
- “The Kite Runner”; K. Hussein, bókin lesin og síðan horft á kvikmyndina (um Afghanistan)
- Átökin í Írak undanfarin 30 ár, saga fjölskyldu, “Nabeel’s Song”; Jo Tatchell
- Ýmislegt annað sem nemendur og kennarar í samvinnu finna á Netinu og meta verðugt.
- Nemendur velja sér 2 kjörbækur í samvinnu við kennara.
- Nemendur velja sér sjálfstætt viðfangsefni og vinna úr því lokaverkefni.

### Námsmat:

- Verkefni A, 30%
- Verkefni B, 30%
- Einstaklingsverkefni, 20%
- Sjálfsmat, 10%
- Jafningjamat, 10%